

MORGUNBLAÐIÐ brá sér út á götu í gær og tók nokkra gangandi vegfarendur tali. Þótt þeir væru allir á einu máli um að umferðin væri alltof hröð og hættuleg, kom það líka fram hjá þeim flestum, að þeir töldu að gangandi vegfarendur þyrftu að stórbæta sig líka, því alltof algengt væri að gangandi vegfarendur virtu ekki lög og reglur:

### Morgunblaðið ræðir við nokkra gangandi vegfarendur



**DADI ÓLAFSSON:** „Því fer mjög fjarri að gangandi vegfarendur hagi sér vel í umferðinni. Þeir virða ekki reglur og líta ekki nægilega vel í kringum sig í umferðinni. Eg hef töluvert verið erlendis og held að hvergi sé ástandið verra en hér. Í Austur-Evrópu tel ég vera gott lag á þessu. Gangandi vegfarendur hafa þar sömu skyldur og akandi vegfarendur og þeir borga líka sektir fyrir brot. Eg held að lögreglan þurfi að herða eftirlit með gangandi vegfarendum og leiða t.d. þá sem ganga yfir á rauðu ljósi yfir aftur eða hreinlega sekta þá. Þetta var gert fyrir nokkrum árum og virtist hafa áhrif. Það er mín reynsla að

slysaaldan að undanförunu sé það sem fólk talar mest um og hefur mestar áhyggjur af og er það raunar ekkert skrítið. Eg hef sjálfur lent í bílslysi og veit því af eigin reynslu hvaða alvara er á ferðinni. Eg á sjálfur börn og hef alltaf áhyggjur af þeim úti í umferðinni, þessum vígvelli liggur mér við að segja eftir öll slysin að undanförunu og er hræddur við að senda þau þangað.“

#### Slysin eru alltof mörg



**EDVALD HINRIKSSON:** „Það er alltof mikið um slys í umferðinni, þetta er hreinasti ófögnuður. Bílarnir aka alltof hratt og gangandi vegfarendur gæta ekki nógu vel að sér. Það þarf að hafa meiri kennslu fyrir gangandi fólk og sérstaklega þó gamla fólki. Það á að sýna gamla fólkinu myndir í sjónvarpinu þar sem sýnt er hvernig á að haga sér í umferðinni.“

# „Hræddur við að senda börnin út á þennan vígvöll“

#### Eitthvað þarf að gera



**SVANHVIT SIGURGEIRS DÓTTIR:** „Umferðin í bænum er alltof hröð og hættuleg. Fólk talar mikið um slysin og allir eru sammála um að eitthvað þurfi að gera. Bæði ökumenn og gangandi vegfarendur verða að taka sig á.“

#### Maður verður að fara voða varlega



**GUÐBJARTUR ÓLAFSSON, 10 ára:** „Mér finnst

voðalega vont að fara um göturnar því bílarnir fara svo hratt. Maður verður að fara voða varlega til að komi ekki eitthvað fyrir mann. Fulloröna fólki talar mikið um slysin og við í skólanum tölum líka stundum um þau.“

#### Allir tala um ökuslysin

**KRISTJÁN MÁR HILMARSSON OG LÁRUS HELGASON:** „Það eru allir að tala um ökuslysin, líka í skólanum hjá okkur. Það eru allir sammála um



að það þurfi að fækka slysunum. Bílarnir keyra alltof hratt og gangandi vegfarendur eru engu betri. Þeir fara ekki eftir umferðarreglunum. Það ætti að kenna meira um umferðina og þá helst í skólanum eins og okkar skóla.“

#### Gangandi vegfarendur fara ekki eftir neinum reglum



**MAGDALENA VAN ZUNDELT, FRÁ HOLLANDI:** „Eg kom til Ís-



lands 1957 og síðan þá hefur bílafjöldinn aukist alveg óskaplega en mér finnst göturnar ekki hafa batnað að sama skapi. Þær eru jafn þröngar. Sjáum til dæmis Suðurlandsbrautina, hún er eins breið og

þegar ég flutti hingað '57. Eg held að göturnar þoli bara ekki þessa miklu og of hröðu bílaumferð. Bílstjórnarnir eru margir slæmir en gangandi vegfarendur eru bara engu betri. Þeir fara ekki eftir neinum reglum, labba þvers og kruss yfir götur þar sem ekki eru gangstéttir, til dæmis á Laugaveginum og þeir ganga yfir götuna nokkrum metrum frá gangbrautum. Ökumennirnir eiga oft sök á slysum í umferðinni en ég held að þeim sé alltof oft kennt um slys þar sem gangandi fólk hefur átt sökina.“

#### Það á að sekta þá brotlegu



**MAGNÚS PALMASON:** „Þetta eru alveg óskapleg slys dag eftir dag. Eg er nú mikið á ferðinni í umferðinni bæði gangandi og með strætisvögnum og ég verð nú að segja eins og er að mér finnst gangandi fólk alltof kærulaust. Það er ekkert erfitt að feroast um í umferðinni ef maður bara gætir að sér og virðir reglurnar. Eg tel að það þurfi að hafa meira eftirlit með gangandi fólki og lögreglan á að sekta þá sem brjóta af sér. Núna er ekkert eftirlit með þessu. Fólkið anar út á götu í veg fyrir bílana og svo er bílstjórunum kennt um allt saman. Eg er nú samt Framhald á bls. 18

### Bankarnir ætla að láta til skarar skriða vegna tékkamisferlis:

# Nálægt 4 þúsund tékkamál í gangi

**FYRIRSJÁANLEGT** er að bankar munu herða mjög eftirlit með tékkavíðskiptum á næstunni í kjölfar hinnar alvarlegu útkomu í skyndikönnun Seðlabankans hinn 7. nóvember sl. Í þeirri könnun komu í ljós 1254 tékkar án fullnægjandi innstæðu og að fjárhæð samtals 102,5 milljónir króna. Þetta er þrisvar sinnum


óhagstæðara hlutfall bæði hvað varðar hlutfall heildarveltu og fjölda innstæðulausra tékka en var í síðustu skyndikönnun í marz sl. Í framhaldi af könnuninni sl. föstudag hafa á þriðja tug tékkamála verið send dómstólunum til meðferðar, og lokað hefur verið ávísanareikningum um 20 aðilla. Mun nú láta nærri að þannig séu

nú um 4 þúsund innheimtumál vegna innstæðulausra tékka og er fjárhæð þeirra töluvert á annað hundrað milljónir króna að því er Björn Tryggvason, aðstoðarbankastjóri hjá Seðlabankanum, tjáði Mbl.

„Það er engum blöðum um það að fletta að ávísanamál bankanna hafa farið úr böndum,“ sagði Björn, „Það mun vera nálægt 100 þúsund ávísanareikningar í gangi á landinu og það hefur komið í ljós, að ekki hefur reynt unnt að hafa nægilegt eftirlit með þeim. En það er að því stefnt að hér verði breyting á og eftirlit með tékkauðgáfunni hert.“

Þegar niðurstöður könnunarinnar á föstudag lágu fyrir boðaði bankastjóri Seðlabankans fund með bankastjórum viðskiptabönkunum og Samband sparisjóða, þar sem þessi alvarlega útkoma var til umræðu og létu menn þar í ljós áhyggjur með þessa þróun. Heildarfjárhæð innstæðulausu tékkanna sem fram komu í könnuninni reyndist vera um 3,1% af veltu föstudagsins í tékkum hjá ávísanadeild Seðlabankans, en hún var nánar tiltekið 3,174 milljónir króna.

Af ofangreindum innstæðulausum tékkum neitaði tékkainheimta Seðlabankans að taka til innheimtu 55 tékka samtals að fjárhæð 5,5 milljónir, en ástæðan fyrir því var sú, að útgefendur Framhald á bls. 18



## Perúmenn auka sókn í ansjóveitu

**SKV. Reutersfrétt frá Washington 11. nóv.** munu Perúmenn gera nýja tilraun til að auka ansjóvetuveiðarnar. Mun ætlunin að í byrjun næstu viku hefji 300—400 bátar veiðar fyrir allri ströndinni. Yrði þá þátttakan í veiðunum nærri 10 sinnum meiri en undanfarnar vikur, því að þá stunduðu aðeins 30—50 bátar veiðar 4 daga vikunnar, syðst undan ströndinni.

Yfirvöld í Perú vona, að hin aukna þátttaka í veiðunum, sem hefst n.k. mánudag 17. nóv., leiði til aukinnar veiði. Jafnframt láta þeir þess getið að þeir muni stöðva veiðarnar aftur, ef árangurinn verði ekki betri en hingað til. Segjast þeir stefna að 900.000 tonna ársframleiðslu á fiskmjöli, en höfðu áður ætlað að framleiða 1.200.000 tonn. Segjast Framhald á bls. 18

## „Eðlilegast að ég afhendi eiginkonu uppboðspóla minn rétt“ — segir Ingvar Björnsson lögmaður

„VIÐ reynum allt hvað við getum til að ná húsinu til afnota fyrir fjölskylduna á ný, en lögmaðurinn heldur fast við sitt. Annars situr allt við það sama í málinu,“ sagði Kristinn Guðmundsson, bærjastjóri í Hafnarfirði, í samtali við Morgunblaðið í gær vegna hins svo nefnda uppboðsmáls í Hafnarfirði.

Þá hafði Mbl. samband við Ingvar Björnsson, bærjarlögmann, sem bærjastjórinn hefur nú vikið úr starfi vegna þessa máls.

Ingvar sagði m.a. að um væri að ræða tvö uppboð á húsinu. Á því

fyrri hefði hann mætt án þess að hafa nokkur fyriræli og boðið í húsið, ennfremur hefði Landsbankinn boðið í húsið. Hann hefði vitað, áður en til síðara uppboðsins kom, að ríkisinnheimtan ætti kröfur í húsið, aftast í röðinni og hefði þurft að bjóða 2,4 millj. kr. til að allir veðhafar fengju sitt og hefði hann því ekki getað boðið lægri upphæð í það er til seinna uppboðsins kom, hvað hann hefði gert.

„Eftir þetta uppboð var ég kallaður fyrir bærjarráð og var Framhald á bls. 15

## Vilja gera Dag að dagblaði

Akureyri 12. nóvember **FRAMSÓKNARMENN** á Norðurlandi eystra hafa ákveðið að stefna að stofnun dagblaðs og að breyta Vikublaðinu Degi á Akureyri í það horf eins fljótt og við

verður komið. Kjördæmisþing framsóknarmanna sem haldið var á Akureyri 8. og 9. nóvember samþykkti eftirfarandi um málið: „Átjándja kjördæmisþing fram Framhald á bls. 15



## MPLA

Framhald af bls. 1

af hafnarborginni Lobito sem FNLA og Unita náðu á sitt vald í síðustu viku en bardögum hefur verið hætt í Cabinda sem er á valdi MPLA.

I Lissabon er sagt að Francisco da Costa Gomes forseti hafi stutt þá kröfu kommúnista og nýlenduráðherrans, Vitor Crespo, að Portúgalar viðurkenndu stjórn MPLA, gegn því lögðust Jose Pinheiro de Azevedo forsætisráðherra, Ernesto Melo Antunes utanríkisráðherra og flokkar sósíalista og miðdemókrata og að lokum var ákveðið að viðurkenna enga stjórn í Angola.

Dr. Agostinho Neto, foringi MPLA, neitaði að skera í sundur tertu sem var eins og Angola í laginu í veizlu sem var haldin í tilefni sjálfstæðisins. „Við ættum aldrei að skipta Angola,“ sagði hann.

Efnt var til mótmælaaðgerða í dag í Tel Aviv, Haifa, Jerúsalem og öðrum bæjum í Ísrael. Einnig var efnt til mótmæla við sendiráð landa sem studdu ályktunina.

Unita, málagn Ítalska kommúnistaflokksins, lýsti sig mótfallið ályktuninni í dag og kvað hana veikja málstað Araba, Sameinuðu þjóðanna og friðar í Miðausturlöndum.

## Nálægt 4 þús.

Framhald af bls. 2

Þeirra tókka áttu samkvæmt gildandi reglum hvergi að vera í tékkviðskiptum vegna fyrri brota. Björn Tryggvason var spurður hvornig á þessu gæti staðið, og svaraði hann því til að þar gæti tvennt komið til. Menn sem hefðu gerzt brotlegir gætu leitað t.d. til útibúa banka og þar eð starfsfólk sýndi ekki nægilega aðgætni fengju þeir að opna þar nýjan reikning og hæfu leikinn að nýju. Stundum kæmi það til að menn notuðu fölsk nöfn ellegar nöfn fyrirtækja sem þeir hefðu sett á stofn. Hins vegar kvað Björn starfsfólk bankanna eiga að geta fylgt með þeim áðilum sem brotlegir hefðu gerzt, þar eð Seðlabankinn sendi daglega út lista yfir þá er misnotað hefðu tókka, jafnframt því sem á hverju ári væri gefinn út svartur listi yfir þá sem sviptir hefðu verið ávísanaheftum sakir misferlis. Björn kvað þó þetta eftirlit með misferli í tékknotkun enn eiga eftir að aukast með tilkomu Reiknistofu bankanna en hún gerði það kleift að gera allsherjarúttekt á tékknotkuninni daglega og kæmu þá í leitirnar allir þeir sem gæfu út innstæðulausar ávísanir.

Reiknistofa bankanna tók í fyrsta sinn þátt í skyndikönnuninni sl. miðvikudag en hún náði m.a. til innlánsstofnana í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Keflavík og Selfossi, og að því er Björn tjáði blaðamanni Mbl. eru miklar vonir við hana bundnar í framtíðinni. Engu að síður kvað Björn ljóst, að fleira þyrfti að koma til en einungis hert eftirlit og málarekstur til innheimtu innstæðulausra ávísana. Var á fundi bankastjórnar Seðlabankans með bankastjórum viðskiptabankanna og Sambands sparisjóða m.a. ákveðið að taka gildandi reglur um tókka til endurskoðunar nú þegar, og verður það verk unnið í náinni samvinnu Seðlabankans viðskiptabankanna og Sambands sparisjóða.

Að því er Björn tjáði okkur hefur m.a. komið til greina í því sambandi að endurlífga ábyrgð framseljenda en sem kunnugt er hefur öll ábyrgð fram til þessa verið á herðum útgefenda. Væri þetta gert í því skyni að gera menn varkárari í því að taka við greiðslum í tékkum. Einnig er í athugasemju hvort viðskiptabankar og sparisjóðir eigi ekki að segja upp öllum ávísanareikningshöfum sínum en auglýsa síðan að þeir geti fengið reikninga sína aftur

gegn því að fá hjá viðskiptabönkum sínum sérstakt bankaskírteini sem þeir þurfa eftirleidis að framvísa er þeir gefa út tókka.

## Gangandi

Framhald af bls. 2

ekkert að mæla þeim bót, því þeir eru alltof miklir glannar margir hverjir.“

## Ástandið hvergi verra en hér



**BENEDIKT KRISTJÁNSSON:** „Ef við byrjum á gangbrautarljósumum þá verður maður alltof oft var við það að bilstjórar virða ekki ljósin og setja gangandi fólk í stórhættu. Það má kannski segja að börn bjóði stundum hættunni heim því þau eiga það til að vera að fíka í ljósumum. Annars verð ég nú að segja það, að ég hef komið á nokkra staði erlendis og hvergi hef ég séð gangandi vegfarendur virða eins lítið umferðareglurnar og hér heima. Erlendis gengur fólk ekki yfir á rauðu ljósi eða anar yfir götur þar sem ekki eru gangbrautir. Umferðin er alltof hröð hérna og því þarf að breyta en gangandi vegfarendur verða líka að gæta sín. Slysni að undanförunna hafa verið alltof tíð.“

## Perúmenn

Framhald af bls. 2

Þeir nú hafa pantanir á 890.000 tonnum, en vegna dráttar á verulegri veiði hafi kaupendur verið beðnir um að taka við mjólinu 60 dögum síðar en í fyrstu var ráðgert. Erlendir kaupendur fiskmjólsins hafa með einni eða tveimur undantekningum samþykkt frestun á afhendingu, sem upphaflega átti að vera í nóvember/desember, fram yfir n.k. áramót.

## Með kveðju

Framhald af bls. 16

um frá Uganda þar sem sovétstjórnin hefur slitið stjórnmálasambandi við landið.

Amin ætlar að halda veizlu til að þakka Rússum fyrir gott starf sem þeir hafi unnið í þágu Uganda að sögn útvarpsins í Kampala.

Amin hafði hótad að slíta stjórnmálasambandi við Rússa, þar sem hann kvað sendiherra þeirra reyna að neyða sig til að styðja marxista í Angola, ef háttsettur fulltrúi yrði ekki sendur til Kampala til að bjóast afsökunar, en Rússar urðu fyrri til.

## Viðræður

Framhald af bls. 16

þjóðirnar eigi að gegna í sambandi við lausn deilunnar og á hvaða hátt hinir 74 þúsund íbúar nýlendunnar eigi að hafa áhrif á lausn mála.

Þeir, sem þátt taka í viðræðunum eru Navaró, forsætisráðherra Spánar, Osman, forsætisráðherra Marokkó, og Mouknass, utanríkisráðherra Máretaníu.

Marokkónsku göngumennirnir eru nú í Tarfaya við landamæri Marokkó og Spönsku Sahara, og hefur komið fram, að þeir munu halda inn í nýlenduna á ný, verði samningaviðræðurnar árangurslausar. 16 spönsk herskip eru við norðurströnd Afríku.

## Samningar

Framhald af bls. 3

Hörður Helgason, skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu, kvað það túlkun ráðuneytanna tveggja að samkomulagið rynni út á miðnætti næstkomandi, þ.e. aðfararnótt föstudags. Hörður sagði að þetta atriði hefði sérstaklega verið rætt í utanríkisráðuneytinu í fyrradag og ráðuneytið hefði síðan haft samráð við Baldur Möller og hefði aðilar þessir orðið sammála um þessa túlkun.

## Alþingi

Framhald af bls. 5

### HÓTANIR Í GARD ÞINGS OG RÍKISSTJÓRNAR

Geir Hallgrímsson forsætisráðherra, vísaði til svara dómsmálaráðherra, að því er varðaði framkvæmd löggæzlu í fiskveiðilandhelginni. Hann sagði að skýrsla um niðurstöður viðræðna Íslenzka og brezkra fiskifræðinga myndi lögð fyrir landhelgisnefnd í fyrramálið en niðurstöður hennar væru þegar kunnar.

Ráðherrann sagði að viðræður hefðu dregist nokkuð á langinn, m.a. sökum þess, að beðið hefði verið endanlegrar skýrslu Hafrannsóknastofnunar, en gefa hefði þurft fiskifræðingum og viðræðuaðilum annarra þjóða kost á að kynna sér staðreyndir hennar, sem jafnframt væru meginrök fyrir málstað Íslenzku þjóðarinnar, bæði út á við og inn á við.

Hvað gert yrði opin skátt um viðræður við Breta og V-Þjóðverja, á viðkvæmu viðræðustigi, yrði að ráðast af eigin hagsmunum og samkomulagi þar um. Alþingi fengi væntanlega samningsdrög, ef nokkur yrðu, til meðferðar og opinna umræður, áður en þau yrðu samþykkt eða þeim hafnað svo málið fengi óhjálkvaðmlega opinbera og lýðræðislega meðferð og afgreiðslu.

Rétt væri, að viðræðuaðilar okkar hefðu borið fram ögranir, sem jöðruðu við hótanir. Slíkt bæri að harma og sýndi takmarkaðan samningsvilja. Hins vegar stæðum við Íslendingar sterkari að vígi að láta reyna á samningsvilja þeirra, en samningar gætu engir orðið, nema þeir þjóðuðu hagsmunum okkar í bráð og lengd.

Á sama hátt og slíkar ögranir viðræðuaðila væru ósamlegar, væru hótanir Lúðvíks Jóseppsonar í garð þingmanna og ríkisstjórnar með öllu óviðeigandi. Afstaða þingmanna hlyti í þessu máli sem öðrum að fara eftir eigin mati þeirra, dómgreind og samvizku.

### SKAMMDEGISDUMBUNGUR

Jónas Arnason (K) sagði svör ráðherra minna á skammdegisdumbungu. Við ættum að sýna alla þá hörku sem mögulegt væri. Leiðari Morgunblaðsins, sem Lúðvík hefði vitnað til, þjónaði þeim tilgangi einum, að veikja siðferðisprótt Íslendinga og hvetja andstæðinga okkar til meiri óskamfeilni í kröfugerð og hegðan.

Staða okkar nú væri hin sama og haustið 1973. Bretar væru nú, eins og þá, á mörkum þess að láta undan, enda væri gæzla okkar, með og ásamt vetrarveðrum, fullfær um að verja landhelgina. Þáverandi forsætisráðherra hefði þá brugðið sér til London og gengið að samkomulagi, sem m.a. hefði leitt til núverandi ástands þorsstofnsins.

Vitnaði Jónas til opinberra ummæla Guðmundur Kjærnested skipherra, og viðbrögð, sem heppileg væru af okkar hálfu, og sagði jafnframt, að yfirvöld í landi hefðu ætíð haldið aftur af landhelgisgæzlunni og meinað henni að sýna mátt sinn og styrk.

### HVERT ER VALD SKIPHERRA LANDHELGISGÆZLUNNAR?

Lúðvík Jóseppson (K) taldi svör dómsmálaráðherra um framkvæmd landhelgisgæzlunnar með öllu óviðunandi. Krafðist hann þess að fá ótvírátt fram, hvort skipherrar landhelgisgæzlunnar

hefðu sjálfðæmi um ákvarðanir, sem þeir teldu nauðsynlegar við störf sín.

Hann vildi binda hugsanlega samninga við aðrar þjóðir kvöð um samþykki við þjóðaratkvæðagreiðslu. Um lítið væri að semja; jafnvel þótt heildarsamningur við aðrar þjóðir yrðu miðaðir við 100 þús. tonn, þýddi það spón úr aski Íslenzka útvegsins.

Hann sagðist enn aðvara ríkisstjórn og þingmenn um að fara gegn þjóðarvilja í þessu máli.

### HVORT SEM Í HLUT EIGA ÍSLENZKA EÐA ERLEND SKIP

Ólafur Jóhannesson dómsmálaráðherra sagði það óþarfa, er Lúðvík Jóseppson þættist ekki skilja svör sín. Hann sagðist ítreka, að landhelgisgæzlan myndi í einu og öllu fylgja starfsreglum sínum um vörzlu landhelginnar, hvort sem í hlut ættu Íslenzka eða erlend veiðiskip, jafnt eftir að samningar renna út sem áður, nema hvað varzlan næði þá til landhelginnar allrar.

### SPURNINGAR ÍTREKAÐAR

Karvel Pálmason (SFV) sagði ástæðu til að ítreka enn spurningar L. J. um framkvæmd gæzlunnar. Svör ráðherrans hefðu ekki verið ótvíráð. Þá sagði hann augljóst, að ríkisstjórnin væri samningafús. Sá fúsleiki næði hins vegar ekki til Íslenzku þjóðarinnar.

### SLIKT MYNDU ENGIR STJÓRNENDUR STRANDGÆZLU GERA

Benedikt Bröndal (A) sagði Alþýðuflokkinn andvígand öllum samningum um veiðheimildir, sér í lagi innan 50 mílna marka. Sú afstaða væri enn ákveðnar nú, eftir fengnar niðurstöður í skýrslu fiskifræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar.

Benedikt sagði mjög óviðeigandi að ræða um störf landhelgisgæzlunnar með þeim hætti, sem einstakir þingmenn hefðu hér gert. Það eitt væri hægt að segja, að við myndum verja landhelgina með öllum tiltækum ráðum. En að krefjast nákvæmrar útlístanar á því, hvern veg henni yrði hagað, væri algjörlega út í hött. Slíkt myndi engin strandgæzla — eða stjórn strandgæzlu — gera. Sömu leiðis væru allar efasemdir, fram settar á Alþingi, um að gæzlan gegndi ekki til fulls hlutverki sínu, varhugaverðar og neikvæðar og til þess eins að skemma andstæðingum okkar. Síðan spurði hann um samninga við Belga, Norðmenn og Færeyinga.

### RÆTT VIÐ FÆREYINGA OG NORÐMENN

Forsætisráðherra, Geir Hallgrímsson, sagði viðræður við Færeyinga og Norðmenn koma til umræðu í landhelgisnefnd í fyrramálið (þ.e. í dag). Þegar hefði verið rætt einu sinni við Belga og þeim viðræðum myndi væntanlega haldið áfram. Reynt yrði að flýta því að fá fram þau meginatriði, sem samningar við þessar þjóðir yrðu að grundvallast á, ef af þeim yrði.

### ÓVIÐEIGANDI FRAMKOMA SKIPHERRA

Sighvatur Björgvinsson (A) sagði að það væri ríkisstjórnarinnar, ekki skipherra landhelgisgæzlunnar, að taka ákvarðanir um framkvæmd ákvarðana stjórnvalda. Hann sagði að orð dómsmálaráðherra um þetta efni hefðu verið óljós; draga hefði mátt þær ályktanir af þeim, að ákvarðana-taka væri hjá skipherrum landhelgisgæzlunnar. Vonandi hefði hann misskilið ráðherrann í þessu efni.

Þingmaðurinn sagði það og mjög óviðeigandi að skipherra á gæzluskipi tæki opinberlega þátt í umræðum um pólitíska stefnumörkun í vörzlu landhelginnar. Hans væri að framfylgja ákvörðunum stjórnvalda, hverjar sem þær yrðu. Slíkt myndi ekki lífast starfsmönnum strandgæzlu í nokkru öðru ríki, enda þyrftu skipherrar að sýna stjórnvöldum fyllsta trúnað í hvívetna.

## Refsiáðgerðir

Framhald af bls. 1

Þingið hefur hins vegar kvatt til endurskoðunar á framlögum Bandaríkjanna til Sameinuðu þjóðanna sjálfra. Sagði dr. Kissinger að beiting efnahagslegra refsiaðgerða væri meiriháttar ákvörðun og hann virtist gefa til kynna að sá möguleiki væri ólíklegur.

Hann sagði að samþykktin hefði aukið á spennu, sundrunu og tortryggni í Miðausturlöndum og að hún spillti fyrir tilraunum til að koma á friði í þessum heims-hluta.

Í Ísrael skoraði Yitzhak Rabin forsætisráðherra á Gyðingaleiðtoga í heiminum að koma til fundar í Jerúsalem í lok mánaðarins til að ræða gagnráðstafanir vegna samþykktarinnar. Hann sagði að fundurinn ætti að undirstrika samstöðu Gyðinga og Ísraelsríkis og undirbúa upplýsingaherferð um allan heim.

# Fengu 1300 lestir við Mánitaniú í gær

„Það lifnaði mikið yfir veiðunum hér við Mánitaniú í dag og fengu þá öll Íslenzku skipin samlegan afla. Þau eru hætt í makrílnum í bili, en eru nú farin að veiða sardinellu, sem er smár fiskur. Þessi fiskur heldur sig í 5–6 sjómílna fjarlægð frá ströndinni á 12 faðma djúpu vatni,“ sagði Eilíf Johansen skipstjóri á bræðsluskipinu Norglobal í gær.

Hann sagði, að Sigurður hefði landað 228 lestum í gærmorgun, Guðmundur 256 lestum, Börkur 200 lestum, Óskar Halldórsson 200 lestum og Ásberg 285 lestum. Ennfremur landaði Óskar Halldórsson 150 lestum af makríl í fyrradag.

Að sögn Johansens var það höfudvandamálið við makrílveiðarnar, að nætur Íslenzku skipanna voru of veikar fyrir fiskinn. Makríllinn er alltof sterkur fyrir sverleika garnsins sem er í nóttunum, og af þessum sökum þyrftu skipverjar að vera langtímum saman í nóttaveiðum. Útgerðir skipanna treystu sér alls ekki til að láta setja upp sérstakar makrílnætur, því þær kosta ekki undir 30 milljónum króna.

Þá sagði Johansen, að ekki þyrfti að kvarta undan veðrinu; hefði hitinn verið 28 gráður í gær og á þessum slóðum rigndi helzt aldrei. Skipin væru nú búin að fá samtals 3700 tonn og þar af næmi aflinn í gær 1270 lestum.